

**3395. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
5. desember 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1905413 - Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar - málefni**

Kostnaðarmat við aðgerðaráætlun er tengist brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

Sameiginlegur kynningarfundur bæjarstjórnar Akraness og sveitastjórnar Hvalfjarðarsveitar var haldinn þann 4. desember sl. Þar sem umrædd áætlun var til kynningar.

*Bæjarstjóra falið frekari úrvinnsla málsins í samvinnu við skipulags- og umhverfisráð og hefja formlegar viðræður við Hvalfjarðarsveit um lyktir málsins.*

**2. 1909080 - Breiðin - valkostagreining**

Stefnumótun um Breiðarsvæðið - valkostagreining, aðgerðaráætlun og innleiðing.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð vísar málínu til skipulags- og umhverfisráðs og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**3. 1902222 - Málefni Höfða - fjölgun hjúkrunarrýma.**

Ákvörðun heilbrigðisráðherra um að þau fjögur hjúkrunarrými sem verið hafa í tímabundnum rekstri, verði gerð varanleg almenn hjúkrunarrými á Höfða.

*Bæjarráð fagnar ákvörðun heilbrigðisráðherra um að þau fjögur hjúkrunarrými sem hafa verið í tímabundum rekstri undanfarin ár verði varanleg almenn hjúkrunarrými á Höfða frá 1. apríl 2020.*

*Bæjarráð mun sem fyrr standa vörð um starfsemi og rekstrarumhverfi heimilisins.*

**4. 1905409 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2019**

Níu mánaða uppgjör lagt fram.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Lagt fram.*

## 5. 1912050 - Gjaldskrár 2020

Tillaga menningar- og safnanefndar um breytingar á gjaldskrám 2020.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráðs samþykkir gjaldskrártillögur menninga- og safnanefndar sem tekur til gjaldskráa Bókasafn Akraness, Héraðsskjalasafnsins, Ljósmyndasafns og Byggðasafnsins í Görðum. Tillögurnar eru í takt við lífskjarasamningana eins og gildir um aðrar gjaldskrárhækkanir Akraneskaupstaðar.*

## 6. 1910213 - Höfði - fjárhagsáætlun 2020 - 2023

Fjárhagsáætlun Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilis fyrir árin 2020-2023.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun Höfða vegna ársins 2020 og þriggja ára áætlun vegna áranna 2021 til og með 2023 til bæjarstjórnar til samþykktar.*

## 7. 1906053 - Fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2021-2023

Fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2020 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2021 - 2023.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2020 og þriggja ára áætlun vegna áranna 2021 til og með 2023 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni til síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 10. desember næstkomandi.*

Samþykkt 3:0.

## 8. 1912034 - Starfsáætlun Akraneskaupstaðar 2020

Drög að starfsáætlunum Akraneskaupstaðar fyrir árið 2020 lögð fram til kynningar.

Ferilinn er svo hefðbundin þ.e. fer í umfjöllunar í fagráðum og svo fyrir bæjarstjórn.

Lagt fram.

*Bæjarráð vísar áætlunum til fagráða og nefndar til frekari umræðu og bæjarstjóra fálin frekari úrvinnsla málsins.*

**9. 1904107 - Búnaðar- og áhaldakaup (tækjakaupasjóður) 2019**

Umsókn forstöðumanns menningar- og safnanefndar f.h. Bíóhallarinnar um endurnýjun hljóðbúnaðar samtals kr. 1.175.000.

Umsókn leikskólastjóra Teigasels um endurnýjun á ofni í eldhúsi leikskólans samtals kr. 1.670.000.

Umsókn forstöðumanns íþróttamannvirkja um kaup á stjórnstöðvum fyrir stýringu klórs og sýrustigs í Bjarnalaug samtals kr. 1.230.000.

*Bæjarráð samþykkir eftirfarandi úthlutun úr tækjakaupasjóði:*

1. Vegna endurnýjunar á eldhús ofni í Teigaseli að fjárhæð kr. 1.670.000, sem færð verða af lið nr. 20830-4660 og á lið nr. 04130-4660.
2. Vegna endurnýjunar stjórnstöðva fyrir stýringu klórs og sýrustigs í Bjarnalaug að fjárhæð kr. 1.230.000, sem færð verða af lið nr. 20830-4660 og á lið nr. 06550-4660.

**10. 1912036 - Málefni Sorpurðunar Vesturlands**

Málefni Sorpurðunar Vesturlands.

*Bæjarráð vísar málínu til skipulags- og umhverfisráðs og bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins.*

**11. 1909148 - Jöfnunarsjóður - framlög til sveitarfélaga**

Skerðing á framlagi Jöfnunarsjóðs til Akraneskaupstaðar.

*Lagt fram.*

**12. 1912035 - Endurskoðun regina - framhaldsmenntun starfsmanna  
Akraneskaupstaðar**

Drög að reglum um framhaldsmenntun starfsmanna Akraneskaupstaðar.

*Lagt fram.*

Afgreiðslu málsins frestað og bæjarstjóra og sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs falin frekari úrvinnslu málsins.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:55.**

*Eisa héra Anna Óðdaðir.*

*Valgerður L. Þorðar*

*Rakel Óskarsdóttir*

*Sam Freyr Þorláksson*

*Óliver Ágústsson*